



44. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn miðvikudaginn 16. nóvember 2022 á Teams og hófst fundurinn kl. 14.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, Helgi Einarsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Aukaþing SSNE 2. desember næstkomandi

Lögð fram drög að dagskrá Aukaþings SSNE sem haldið verður 2. desember næstkomandi. Rögnvaldur Guðmundsson mætti einnig til fundar stjórnar undir þessum lið og kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023.

Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að ganga frá dagskránni í samræmi við umræður á fundinum og senda út endanlega dagskrá og þinggögn fyrir aukaþingið.

2. Starfsáætlun 2023

Framkvæmdastjóri kynnti drög að starfsáætlun næsta árs en hana þarf að leggja fram til samþykktar á aukaþingi SSNE sem haldið verður 2. desember næstkomandi. Elva Gunnlaugsdóttir mætti til fundar undir þessum lið.

Stjórn þakkar kynninguna.

3. Fundaráætlun stjórnar SSNE árið 2023

Rætt um fundi stjórnar SSNE á árinu 2023.

Stjórn SSNE felur framkvæmdastjóra að vinna fundaráætlun í samræmi við umræður á fundinum og leggja fram á næsta stjórnarfundi.

4. Áhersluverkefni 2023

Elva Gunnlaugsdóttir mætti til fundar undir þessum lið og kynnti þær hugmyndir að áhersluverkefnum sem fram eru komnar, en þær verða kynntar sérstaklega á aukaþingi SSNE 2. desember n.k. Einnig var rætt um virkjun Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Stjórn þakkar kynninguna og felur framkvæmdastjóra að boða saman samráðsvettvang Sóknaráætlunar í desember.

5. Dagsetning og staðsetning ársþings SSNE 2023

Frestað til næsta fundar.

6. Úrgangsmálin – hlutverk SSNE í framhaldinu

Smári Jónas Lúðvíksson mætti til fundar undir þessum lið og kynnti stöðu vinnu í tengslum við úrgangsmál á starfssvæðinu.

Stjórn þakkar kynninguna og felur framkvæmdastjóra að vinna nánari greiningu á umfangi verkefnisins.

7. Tímabundin skipan varafulltrúa

Lögð fram tillaga framkvæmdastjóra um að fram að ársþingi SSNE 2023 megi fagráð SSNE velja sér varafulltrúa úr sínu ráði til að sitja í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra ef formaður viðkomandi fagráðs forfallast á fundi úthlutunarnefndar. Tillaga þessi er í samræmi við ábendingu frá fyrsta fundi fagráði menningar.

Stjórn SSNE samþykkir framlagða tillögu og felur framkvæmdastjóra að vinna tillögu að breytingu að samþykktum SSNE til að leggja fram á ársþingi SSNE í vor.

8. Fundargerðir úthlutunarnefndar og fagráða

a. [Fundargerð 1. fundar fagráðs menningar](#)

Lagt fram til kynningar en umræðu frestað til næsta fundar.

b. [Fundargerð 2. fundar fagráðs menningar](#)

Lagt fram til kynningar en umræðu frestað til næsta fundar.

9. Frá nefndasviði og samráðsgátt

a. [Beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingar á raforkulögum til að tryggja raforkuöryggi almennings og forgangsröðun raforkuframleiðslu til orkuskipta, 89. mál.](#)

Lagt fram til kynningar.

10. Efni til kynningar

a. [Ársskýrsla Brothættra byggða 2021](#)

b. [Fundargerð 86. fundar stjórnar SSNV](#)

c. [Fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra](#)

11. Önnur mál

a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis verkefni sem hafa verið í vinnslu frá síðasta fundi stjórnar.

b. Opnun Stéttarinnar 9. desember

Framkvæmdastjóri kynnti að þann 9. desember næstkomandi verður Stéttin á Húsavík opnuð en þar er SSNE með skrifstofuaðstöðu. Forseti Íslands mun mæta að þessu tilefni og opna aðstöðuna formlega kl. 16.15 og verður opið hús þar sem íbúar og aðrir gestir hafa tækifæri til að skoða húsnæðið og kynna sér starfsemina í húsinu milli kl. 16-19.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.